



Verk- og fjárhagsáætlun  
Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar  
fyrir leikskólann vegna erlendra barna

Unnið af Björk Alfreðsdóttur og Hönnu H. Leifsdóttur

Ábyrgðaraðili er Sigurborg Kristjánsdóttir



## Leikskólinn - tillögur til fræðsluráðs

Í desember 2012, tók til starfa samráðshópur og var honum falið að safna upplýsingum um stöðu innflytjenda í Hafnarfirði á breiðum grunni og koma með tillögur að bættri og samhæfðari þjónustu við þennan hóp íbúa. Samráðshópurinn lauk störfum um haustið 2013 og skilaði skýrslu með úrræðum meðal annars fyrir öll skólastig í Hafnarfirði. Eftirfarandi er starfs- og fjárhagsáætlun frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fyrir leikskólastigið.

Áætlunin er unnin af Björk Alfreðsdóttur sérkennslufulltrúa og Hönnu Halldóru Leifsdóttur sérkennsluráðgjafa. Ábyrgðaraðili er Sigurborg Kristjánsdóttir þróunarfulltrúi leikskóla.

### I. Yfirlit

Í verkáætluninni eru sex tillögur sem áætlað er að fari í gang 2014 til 2015. Tillögurnar miða að því að hrinda í framkvæmd hugmyndum samráðshópsins. Um er að ræða tillögur sem bæta upplýsingar til erlendra foreldra um þá þjónustu sem í boði er t.d. með því að útbúa upplýsingabækling á nokkrum tungumálum og einnig að hafa heimasíðu á tveimur erlendum tungumálum. Tillögurnar miða ennfræmur að því að bæta þjónustu við foreldra og menntun barnanna með því að veita starfsfólki leikskólanna aukna fræðslu um málefni innflytjenda og kennslu íslensku sem annars máls. Áætlaður kostnaður við þessar tillögur er 1.260.000.

### Verk- og fjárhagsáætlun

Verkefni	Kostnaðaráætlun	Tími
1. Upplýsingabæklingur á nokkrum tungumálum fyrir erlenda foreldra.	180.000	Tilbúinn 9/2014
2. Upplýsingar á heimasíðu.	600.000	Tilbúnar 12/2014

3. Upplýsingarit um réttindi barna og skyldur foreldra samkvæmt barnaverndarlögum.	180.000	Tilbúið 2/2015
4. Fræðsla fyrir erlenda starfsmenn.	300.000	2014-2015
5. Aukin ráðgjöf og fræðsla til starfsfólks leikskóla.	0	Lokið 2014
6. Leitað leiða til að virkja og efla þátttöku erlendra foreldra leikskólabarna.	0	Tímabil Jan-maí 2015

## II. Nánari útfærsla á tillögunum

### 1. Útbúa bækling á nokkrum tungumálum fyrir foreldra með börn í ungbarnavernd.

Áhyggjur koma fram í skýrslu samráðshóps vegna barna á Íslandi sem eru fædd hér og teljast íslenskir ríkisborgarar en hefja grunnskóla ótalandi á íslensku. Því er ástæða til að leita leiða til að afla upplýsinga um hve mörg börn af erlendum uppruna eru ekki í leikskólum. Erfitt getur reynst að finna þessi börn, en mikilvægt er að koma upplýsingum til foreldra um hin góðu áhrif leikskólavalar á alhliðþroska barns, ekki síst mál- og félagsþroska. Sú leið sem við teljum heppilegasta í þessu sambandi er að koma fyrir upplýsingum um daggæslu og leikskóla bæjarins á nokkrum tungumálum í heilsugæslum bæjarins.

Umsjón með framkvæmd hafa sérkennsluráðgjafi og þróunarfulltrúi leikskóla.

Tími: Lokið í september 2014

### 2. Upplýsingar, sem snúa að leikskólum á heimasíðu bæjarins verði þýddar á fleiri tungumál.

Unnið verði að þýðingu upplýsingaefnis fyrir foreldra erlendra barna um leikskóla Hafnarfjarðar bæði á ensku og pólsku. Umsóknareyðublöð verði þýdd á nokkur tungumál og allt efni gert aðgengilegt á heimasíðu bæjarins.

Umsjón með framkvæmd hefur þróunarfulltrúi leikskóla.

Tími: Lokið fyrir árslok 2014

3. Upplýsingarit um réttindi barna og skyldur foreldra samkvæmt íslenskum lögum og reglugerðum.

Skólaskrifstofa í samvinnu við Félagsþjónustu Hafnarfjarðar útbúi blöðung sem verður aðgengilegur í þjónustuveri og leikskólum og afhentur öllum foreldrum barna af erlendum upprun sem byrja í leikskóla. Kannað verði hvort að slíkt efni sé til í öðrum sveitarfélögum og tekið mið af því.

Umsjón með framkvæmd hefur sérkennsluráðgjafi.

Tími: Lokið fyrir febrúar 2015

4. Virkja erlent starfsfólk leikskólanna

Hugað verði að því að erlendir starfsmenn leikskólanna verði virkjaðir sem stuðningur við móðurmálsnám barnanna þar sem það á við. Erlendir starfsmenn fái fræðslu og handleiðslu um vinnulag og leiðir til að vinna eftir. Í hverjum leikskóla sé leikskólakennari sem beri ábyrgð og taki að sér handleiðslu til starfsmanns ef um ófaglærðan erlendan starfsmann er að ræða. Á vegum Skólaskrifstofu verði boðið upp á fræðslu fyrir erlenda starfsmenn leikskóla 1 – 2 sinnum á vetri um áherslupætti í uppeldi og menntun leikskólabarna.

Umsjón með framkvæmd hefur sérkennsluráðgjafi.

Tími: Námskeið 1–2 á ári.

5. Ráðgjöf og fræðsla til starfsfólks leikskóla varðandi móttöku erlendra barna.,

Styrkja þarf fagþekkingu deildarstjóra í móttöku erlendra barna meðal annars með tilliti til aðlögunar erlendra barnanna, kennslu íslensku sem annars máls, vinnu með móðurmál, foreldrasamstarfi, fordómafræðslu o.fl.

Umsjón með framkvæmd hefur sérkennsluráðgjafi.

Tími: Janúar til júní 2014.

6. Leitast verði við að ná til og efla foreldra erlendra leikskólabarna með ýmsum verkefnum.

Sótt verði um styrki til slíkra verkefna. Í leikskólanum Norðurbergi hefur til skamms tíma tíðkast að bjóða foreldrum barna frá Póllandi að hittast í leikskólanum á laugardegi. Aðstoðarleikskólustjóri/sérkennslustjóri hefur borið ábyrgð á skipulagi þessara funda.

Umsjón með framkvæmd hefur sérkennsluráðgjafi. Þróunarverkefni?

Tími: Janúar til maí 2015